

[www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)



Rangárþing  
eystra

# Fjárhagsáætlun 2023

Greinargerð

Austurvegur 4 860 Hvolsvöllur

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárbings eystra 2023.....	2
ALMENNAR FORSENDUR .....	2
LAGAUMGJÖRD .....	2
ÚTSVAR .....	2
FASTEIGNAGJÖLD .....	3
JÖFNUNARSJÓÐUR .....	4
LAUN .....	5
ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR.....	5
LÁNTÖKUR .....	6
REKSTUR MÁLAFLOKKA .....	6
02 FÉLAGSMÁL.....	7
03 HEILBRIGÐISMÁL .....	7
04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL.....	7
05 MENNINGARMÁL.....	7
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPÓRTTAMÁL .....	8
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR.....	8
08 HREINLÆTISMÁL .....	8
09 SKIPULAGSFULLTRÚI .....	8
11 UMHVERFISMÁL .....	8
13 ATVINNUMÁL.....	9
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR .....	9
HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2022-2026.....	9
REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI .....	9
EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI .....	11
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI.....	12
FJÁRFESTINGAYFIRLIT .....	13
LOKAORÐ .....	13

# Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2023

## ALMENNAR FORSENDUR

Áhrif heimsfaraldursins COVID-19 á fjárhag Rangárþings eystra hafa verið töluverð síðastliðin ár en verulega dró úr þeim áhrifum á árinu 2022. Ferðaþjónusta er stór atvinnugrein í sveitarfélaginu og sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á sl. tíu árum. Ferðamönnum hefur aftur fjölgað og líklegt að á árinu 2023 nái heimsóknir erlendra ferðamanna sambærilegum hæðum og fyrir heimsfaraldur. Óvissa ríkir á mörgum mörkuðum vegna afleiðinga af innrás Rússa í Úkraínu. Áhrif stríðsins hefur til dæmis leitt af sér miklar hækkanir á matvælum, raforku og olíu um heim allan með tilheyrandi verðbólgu. Þróun verðbólgu á Íslandi er einn stærsti óvissuþátturinn í fjárhagsáætlun þessari. Verði verðbólga meiri en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir, kemur það til með að hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins. Kjarasamningar margra starfsmanna sveitarfélagsins verða lausir á árinu 2023 og er það annar stór óvissuþáttur í gerð fjárhagsáætlunar 2023. Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélaga og áhrif launahækkana því mikil. Almennt var lagt upp með að gæta í hvívetna aðhalds í rekstri sveitarfélagsins.

## LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2023 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal byggðarráð leggja fyrir sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykka viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er því eiginleg fjárveiting til rekstrar sveitarfélagsins og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

## ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Rangárþings eystra er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7,6% milli árána 2022 og 2023. Kemur sú hækkun til bæði vegna fólksfjölgunar í sveitarfélaginu og hækkunar á tekjum einstaklinga. Útsvarsgreiðslur fyrir

árið 2023 eru áætlaðar 1.233 m.kr. samanborið við 1.146m.kr. í útgönguspá ársins 2022. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að eftirágreitt útsvar verði um 96 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars. Tekin hefur verið ákvörðun um óbreytta útsvarsprósentu sveitarfélagsins og er hún 14,52%.

	2022	2021	2020	2019	2018
01 Janúar	85.467.216	90.989.290	81.945.263	83.891.175	61.498.362
02 Febrúar	93.096.173	82.136.961	76.655.620	78.885.759	68.983.287
03 Mars	87.882.893	79.003.294	77.693.802	74.897.431	71.467.731
04 Apríl	74.764.727	65.626.752	60.928.715	64.029.855	58.648.425
05 Maí	90.763.287	62.132.820	79.586.056	85.146.285	68.771.210
06 Júní	98.516.938	83.024.790	71.956.098	74.480.586	74.292.434
07 Júlí	84.684.004	82.322.032	80.260.491	85.644.235	67.794.355
08 Ágúst	107.544.151	85.834.464	85.233.636	80.617.207	81.784.588
09 September	122.390.304	137.295.499	114.643.326	112.610.814	102.727.802
10 Október	109.051.350	87.995.715	80.128.053	83.846.616	86.145.697
11 Nóvember	103.191.451	92.874.946	85.052.408	87.874.481	71.883.514
12 Desember		187.494.265	115.513.452	88.718.687	81.489.611
Samtals	1.057.352.494	1.136.730.828	1.009.596.920	1.000.643.131	895.487.016

*Greidd staðgreiðsla til Rangárbings eystra, eftir mánuðum*

## FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamat, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júní mánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarferfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands.

	2023	2022	2021	2020	2019
Fasteignaskattur A	0,375%	0,375%	0,35%	0,35%	0,35%
Lóðarleiga	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Vatnsgjald	0,18%	0,21%	0,23%	0,23%	0,23%
Holræsagjald	0,20%	0,23%	0,25%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	47.010	47.010	47.010	45.400	44.327

*Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2019-2023*

Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2023 var birt 31. maí 2022 og er fasteigna- og landmat 2023 52.075 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2020 var 44.342 m.kr og því hækkar fasteignamat fyrir árið 2023 um 17,4% milli ára. Meðalhækkun fasteignamats á landsvísu var 20%. Hækkun fasteignamats er töluvert meiri í þéttbýli en dreifbýli. Til að jafna þá hækkan milli íbúa ákvað sveitarstjórn að halda óbrettri álagningarprósentu fasteignaskatts en lækka á móti vatnsskatt og holræsagjald. Með þessum breytingum helst prósentu hækkan heildargjalda sem lögð eru á fasteignir í sveitarfélaginu öllu sem næst breytingu á neysliverðsvísitölu.

### Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um ríflega 45 milljónir milli ára.

### Vatnskattur og holræsagjald

Til að mæta þeim hækkunum sem orðið hafa á fasteinamati ákvað sveitarstjórn að lækka gjaldskrá vatnsskatts úr 0,21% af fasteignamati í 0,18% og gjaldskrá holræsagjalds úr 0,23% af fasteignamati í 0,21%. Með þessar breytingu munu tekjur af vatnsgjaldi lækka um 8,5 milljónir og tekjur af holræsagjaldi 6,2 milljónir.

### Sorpgjöld

Töluverðar breytingar og stefnumótun hafa verið gerðar og eru framundan í málaflokknum, vegna innleiðingar nýrra laga um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum er gert að innleiða nýtt verklag og gjaldskrár í sorphirðu í árslok, út frá fyrirkomulaginu „Borgað þegar hent er“, skv. II. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Innheimta vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar úrgangs mun taka breytingum með fyrrnefndri innleiðingu og er aðalbreytingin að sá borgi sem mengar. Til að færast nær tilgangi laganna og raun kostnaði við sorpeyðingu heimilsúrgangs er sorpeyðingargjald hækkað úr 22.894 kr í 29.500 kr. Einnig eru gerðar breytingar á sorphirðugjald til að uppfylla skilyrði laganna en nú býðst íbúum að fá bæði stærri og minni einingar af sorptunnum við heimili eftir þörfum og greiða fyrir þær eftir umfangi. Grunneining íláta, þrjár 240l tunnur auk brúns íláts fyrir lífrænt hækkar úr 25.003 kr í 27.400 kr.

### Lóðarleiga

Lóðarleiga breytist ekki á milli ára.

### JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga, s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjöldi, fjarlægð innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Útgjaldajöfnunarframlag og framlag vegna fasteignaskatts hækkar töluvert á milli ári á meðan grunnskólaframlag lækkar. Í heild hækka framlög jöfnunarsjóðs um 13,3% milli ára.

	2023 áætlun	2022 áætlun	2021	2020	2019
Fasteignaskattsframlag	128.498.142	91.790.242	86.887.247	83.944.269	90.665.107
Útgjaldajöfnunarframlag	302.608.896	260.515.800	284.908.046	258.685.093	253.131.694
Grunnskólaframlag	111.999.783	129.652.717	97.735.334	69.591.556	89.180.754
Framlag v. sérþarfa nem.	7.700.000	4.260.000	7.850.000	4.200.000	4.200.000
Framlag v. Nýbúafraeðslu	4.420.000	3.750.000	3.750.000	3.900.000	3.380.000
Samtals	555.226.821	489.968.759	481.130.627	420.320.918	440.557.555

13,3%	1,8%	14,5%	-4,6%	1,9%
-------	------	-------	-------	------

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2019-2023

## LAUN

Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins. Launahækkarnir samkvæmt launavísitölu hafa legið á bilinu 6-7% mörg undanfarin ár. Töluverð óvissa er um launahækkarnir ársins 2023, þar sem kjarasamningar margra starfsmanna sveitarfélagsins munu losna á árinu. Kjaraviðræður eru á upphafsreit og því ómögulegt að vita hverjar niðurstöður nýrra samninga verða. Því er erfitt að áætla hver raunverulegur launakostnaður verður árið 2023. Áætlunin tekur mið af spá Hagstofu Íslands um þróun launavísitölu og er gert ráð fyrir 5,5% meðaltals launahækkunum á árinu. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga starfmönnum sveitarfélagsins á árinu. Áætlað er að heildar launagreiðslur til starfsmanna verði 1.223 milljónir króna á árinu 2023. Það fara því um 50% af heildartekjum A hluta í launagreiðslur starfsmanna sveitarfélagsins.

## ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR

Í áætlun 2023 er gert ráð fyrir 1% fjölgun íbúa í Rangárþingi eystra milli ára. Verðbólga hefur verið há það sem af er ári 2022 eða í kringum 10% og langt fram úr öllum spám. Spár fyrir 2023 gera áfram ráð fyrir verðbólgu en þó er gert ráð fyrir að dragi verulega úr henni þegar líður á árið en í þessari áætlun er notast við þjóðhagsspá sem gerir ráð fyrir 5,6% verðbólgu árið 2023. Var miðað við þá spá við útreikninga skulda og afborgana í áætlun þessari. Miðað var við að almennar hækkarnir á vöru og þjónustukaupum yrðu 7,5% og almennar gjaldskrárhækkarnir sveitarfélagsins eru hækkaðar milli 5-10% eftir málaflokkum.

## FJÁRFESTINGAR

Byggingu nýs leikskóla er í fullum gangi um þessar mundir og miðar verkinu vel áfram. Bygging nýs leikskóla er eitt allra umfangsmesta og kostnaðarsamasta einstaka verkefni sem sveitarfélagið hefur lagt í. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2023 en í framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir að 500.000.000 króna fari í byggingu leikskóla á árinu. Rými fyrir aðrar fjárfestingar, á meðan að á byggingu leikskóla stendur yfir, eru takmarkaðar. Þó er gert ráð fyrir áframhaldandi gatnagerð, gert er ráð fyrir að hefja vinnu við 3ja áfanga í Hallgerðartúni, gatnagerð við leikskóla, göngustíga í Hallgerðartúni og vinnu við hjólastíg milli Hvolsvallar og Hellu. Gert er ráð fyrir 50.000.000 kr í viðhald á Hvolsskóla, 7.500.000 við tilfærslu á æfingasvæði fótbolta.

Áætlunin í heild gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 752.500.000 milljónir króna en 70.000.000 koma til lækkunar vegna gatnagerðargjalda og heildarupphæð ársin 2023 því 682.500. Nánari skiptinu má sjá í töflunni hér að neðan.

Framkvæmdaáætlun 2022	Málaflokkur	Áætluð upphæð	Tekjur	Samtals upphæð
Gatnagerð	32	140.000.000	70.000.000	70.000.000
Göngu- og hjólastígar, lýsing	10	28.000.000	0	28.000.000
Hvolsskóli	4	50.000.000	0	50.000.000
Leikskóli	4	500.000.000	0	500.000.000
Félagsheimili	5	10.000.000	0	10.000.000
Íþróttamannvirki	6	7.500.000	0	7.500.000
Fráveita, framkvæmdir	62	2.000.000	0	2.000.000


Vatnsveita, framkvæmdir	44	15.000.000	0	15.000.000
<b>Samtals fjárfestingar</b>		<b>752.500.000</b>	<b>70.000.000</b>	<b>682.500.000</b>

## LÁNTÖKUR

Ekki er hægt að fara í svo stórt verkefni eins og byggingu leikskóla án þess að taka lán fyrir fjárfestingunni. Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 550 milljónum króna á árinu 2023, til að mæta kostnaði við fjárfestingar en 132,5 milljónir verða fjármagnaðar með eiginfé. Gert er ráð fyrir að lán verði tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## REKSTUR MÁLAFLOKKA

### SKIPTING KOSTNAÐAR A-HLUTA, MILLI MÁLAFLOKKA 2023



## 02 FÉLAGSMÁL

Félagspjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með sveitarfélögum í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu. Fjárheimildir til byggðasamlagsins aukast töluvert milli ára. Framlög til málaflokksins í heild sinni hækka um 6,7%. Kemur sú hækkun fyrst og fremst til vegna fjölgunar þjónustuþega og bættrar þjónustu.

Málefni fatlaðra eru rekin í Bergrisanum, byggðasamlagi sem rekið er með öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Fjárframlög til Bergrisans hafa hækkað gríðarlega mikið síðastliðin ár og stærri og stærri hluti lent á sveitarfélaginu eftir að málefni fatlaðra var fært frá ríki til sveitarfélaga. Loks hefur dregið úr þessum hækkunum og framlög til Bergrisans lækka um 20% milli ár, eða 11 milljónir. Á móti hækka þó framlög sveitarfélagsins til þess hluta málefna fatlaðra sem heyrja beint undir sveitarfélagið um sambærilega upphæð.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er áfram gert ráð fyrir að reka VISS vinnustað fyrir tilstilli Bergrisans, en er þetta þriðja árið í rekstri VISS. Áfram er gert ráð fyrir hálf dags opnun vinnustaðarins, en í ljós hefur komið mikil þörf fyrir slíkan vinnustað í sveitarfélaginu og vonir standa til um að hægt verði að reka heils dags vinnustað í framtíðinni.

## 03 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um málaflokkinn en fjárheimildir hækka um 3,5% milli ára.

## 04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Fræðslu- og uppeldismál er langstærsti einstaki málaflokkur sveitarfélagsins en 51% útgjalda A hluta sveitarfélagsins fara beint í málaflokkinn. Fjárheimildir til málaflokksins í heild hækka um 6,5% milli ára, en samtals eru þær rétt um 1,2 milljarður króna.

Framlög til leik- og grunnskóla haldast í takt við launahækkanir og almenna þróun verðlags, eða um 6,5%. Töluverð óviss ríkir um hver rekstrarkostnaður á nýjum leikskóla kemur til með að vera. Líklegt er að fastur rekstrarkostnaður húsnæðisins seinni hluta árs, eftir að flutt verði inn gæti orðið hærri en áætlun gerir ráð fyrir.

Skólaþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðarsamlagi með Félagspjónustu, framlög til skólaþjónustu hækka um 6,5% milli ára.

Framlög til Tónlistarskóla Rangæinga hækka um 2% milli ára, en milli 2021-2022 var hækkunin 20% sem skýrir hvers vegna hækkun ársins er lægri en verðlagsþróun.

## 05 MENNINGARMÁL

Heildar fjárheimildir til menningarmála hækka um 9% milli ára, en heildarfjármagn til málaflokksins eru 176 milljónir. Veigamestu liðir í málaflokknum er rekstur Héraðsbókasafns, Héraðsskjalasafns og rekstur þeirra sex félagsheimila sem eru í eigu sveitarfélagsins.

Menningarsjóður sveitarfélagsins sem stofnaður var árið 2019, er festur í sessi og fær til úthlutunar 2.500.000 króna og er gert ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna viðburða og hátíðarhalda til dæmis á 17. júní og kjötsúpuhátíð.



## 06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞÓRTTAMÁL

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka um 15% á milli ára en framlög til æskulýðs og íþróttamála nema 230.000.000 kr. Áfram er lögð áhersla á málefni ungra íbúa í samfélaginu, með eflingu ungmennaráðs og styrkjum til þeirra íþróttafélaga sem reka ungliðastarf í sveitarfélaginu. Áfram er gert ráð fyrir styrkveitingum úr íþrótt- og afrekssjóði sveitarfélagsins. Auk þess er lögð rík áhersla á almenna lýðheilsu en sveitarfélagið mun halda áfram innleiðingu heilsueflandi samfélags. Fé til rekstrar íþróttamiðstöðvar er aukið milli ára auk þess sem gert ráð að lengja helgaropnun íþróttamiðstöðvar og sundlaugar yfir vetrartímamann. Einnig er gert ráð fyrir tækjakaupum til líkamsræktar og framlög til almenns viðhalds á eignum íþróttamiðstöðvarinnar haldast óbreytt milli ára. Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 7,5 milljónir vegna færslu á fótboltaæfingavelli, en núverandi æfingavöllur mun að hluta til lenda undir lóð nýja leikskólans.

## 07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Fjárheimildir til Brunavarna hafa hækkað verulega undanfarin ár. Nú hefur dregið úr þessum hækkunum en gert er ráð fyrir 5% hækkun milli ára í framlögum til reksturs slökkviliðs. Í áætluninni er gert ráð fyrir eflingu slökkviliðs, slökkviliðsstjóra í 100% starfshlutfall en hann var áður í 30% og búnaðarkaupa næstu 5 árin í samræmi við brunavarnaáætlun sem samþykkt var í lok árs 2021.

## 08 HREINLÆTISMÁL

Sorphreinsun, sorpeyðin og rekstur gámastöðva fer fram í gengum byggðarsamlagið Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Fjárheimildir til málaflokksins lækka milli ára annað árið í röð og hafa með því verið stigin augljós skref í átt að því að uppfylla ný lög um meðhöndlun og urðun úrgangs sem taka gildi um áramótin 2022-2023. Eitt af markmiðum laganna er að festa í sessi hringrásarhagkerfi. „Borgað þegar hent er“ hefur verið yfirskrift laganna og miðar að því að sá sem á úrganginn greiði fyrir hann en ekki sé greiddur flatur urðunarskattur eða að urðun úrgangs sé niðurgreidd af sveitarfélögum. Sveitarfélagið innheimtir sorphirðu og eyðingargjöld, sem standa eiga undir málaflokknum en í ár greiðir sveitarfélagið 24,5 milljónir með málaflokknum.

## 09 SKIPULAGSFULLTRÚI

Fjárheimildir í málaflokkinn í heild hækka um 2% á milli ára. Kostnaður við skipulagsnefnd mun hækka töluvert á milli ára þar sem nú er gert ráð fyrir að nefndin fundi tvisvar í mánuði í stað einu sinni, eins og verið hefur. Einnig hækka framlög til embættis Skipulags og byggingarfulltrúa í takt við verðlag. Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við fornleyfaskráningu, skráningu lóða innan þjóðlendna, deiliskipulag og fasteignamat. Vinnu við aðalskipulag er að ljúka og því er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna þess á árinu 2023 sem skýrir hvers vegna málaflokkurinn í heild hækka minna en verðlagsþróun.

## 10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 8% milli ára. Líkt og í áætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir kostnaði við viðhald og endurnýjun götulýsingar, en RARIK afhenti sveitarfélaginu verkefnið í lok árs 2021. Gert er ráð fyrir 16 milljónum í sérstakt átak við að bæta og lagfæra göngustíga og gangstéttar í sveitarfélaginu. Er þetta byrjunin að stærra verkefni sem halda á áfram með næstu árin.

## 11 UMHVERFISMÁL

Fjárheimildir til umhverfismála standa í stað á milli ára. Áfram verður gert ráð fyrir kostnaði við fegrun sveitarfélagsins bæði í þéttbýli og dreifbýli, styrkjum til landgræðslu og umhirðu gatna. Starf umhverfisstjóra hefur verið fest í sessi og fellur það undir málaflokkinn. Gert er ráð fyrir 5 milljóna króna kostnaði við refa- og minkaveiðar.

## 13 ATVINNUMÁL

Framlög til atvinnumála hækkar um 37% eða 7,5 milljónir milli ára. Munar þar mestu um kostnað við viðhald og uppbyggingu á ferðamannstöðum í sveitarfélaginu, en hækka framlög til þeirrar deildar um 6,7 milljónir. Margir vinsælir ferðamannaðir eru í sveitarfélagi og mikilvægt að halda þeim við.

## 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir að framlög til sameiginlegs kostnaðar lækki um rúmlega 2% milli ára. Stærsta skýringin á lægri framlögum til málaflokksins er að ekki þarf að gera ráð fyrir fjármagni vegna sveitarstjórnarkosninga og 6 milljóna króna lægri kostnað við rekstur skrifstofu. Áfram er gert ráð fyrir kostnaði vegna samnings við Auðnast ehf um velferð starfsfólks, vegna sameiginlegs starfsmannakostnaðar sveitarfélagsins, 10 milljónum til Kötlum Geopark, innleiðingu Barnvæns samfélags, Héraðsnefndar og markaðsmála.

## HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2022-2026

Hér á eftir birtast helstu tölulegar upplýsingar úr áætlun 2021-2025. Fyrir nánari útlistun er bent á skjal með fjárhagsáætluninni í heild.

### REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.288.039	1.445.942	1.589.856	1.654.036	1.716.849	1.781.943
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	498.576	489.969	555.227	569.107	583.335	597.919
Aðrar tekjur.....	526.226	439.226	473.494	485.331	497.464	509.901
	2.312.841	2.375.136	2.618.577	2.708.474	2.797.649	2.889.763
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	1.127.816	1.163.953	1.223.363	1.260.064	1.308.167	1.347.412
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	53.446	15.000	17.353	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	910.133	955.026	1.040.315	1.065.686	1.091.767	1.118.483
	2.091.395	2.133.980	2.281.032	2.340.750	2.414.934	2.480.895
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	221.446	241.157	337.544	367.724	382.714	408.868
Afskriftir.....	( 104.543 )	( 135.140 )	( 158.553 )	( 163.649 )	( 170.287 )	( 175.242 )
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>	116.903	106.017	178.992	204.075	212.427	233.626
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	52.056	3.659	1.810	3.213	3.374	4.582
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 108.383 )	( 125.598 )	( 127.851 )	( 109.716 )	( 90.340 )	( 84.985 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	( 56.327 )	( 121.939 )	( 126.041 )	( 106.503 )	( 86.967 )	( 80.403 )
<b>Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta</b>	60.575	( 15.922 )	52.951	97.572	125.460	153.223
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	( 791 )	0	0	0	0	0
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>59.784</b>	<b>( 15.922 )</b>	<b>52.951</b>	<b>97.572</b>	<b>125.460</b>	<b>153.223</b>



## EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
<b>Efnahagsreikningur - Eignir</b>						
<b>Fasta fjármunir:</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og löðir .....	2.405.215	3.019.790	3.472.704	3.398.437	3.377.378	3.333.369
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	304.179	346.760	440.840	567.561	592.121	722.281
Vélar, áhöld og tæki .....	56.266	43.970	20.924	25.320	11.532	139
Leigðar eignir .....	0	0	0	0	0	0
	2.765.660	3.410.520	3.934.467	3.991.318	3.981.031	4.055.789
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum .....	237.045	237.045	237.045	237.045	237.045	237.045
Tekjuskattseign .....	942	942	942	942	942	942
Langtímakröfur .....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	134.610	128.785	122.960	117.135	111.310	105.485
	372.597	366.772	360.947	355.122	349.297	343.472
<b>Fasta fjármunir</b>	<b>3.138.257</b>	<b>3.777.292</b>	<b>4.295.414</b>	<b>4.346.440</b>	<b>4.330.327</b>	<b>4.399.261</b>
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir .....	376	376	376	376	376	376
Önnheimtar tekjur .....	149.425	149.425	149.425	149.425	149.425	149.425
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	( 0 )	0	0	( 0 )	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt. ....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Aðrar skammtímakröfur .....	182.094	182.094	182.094	182.094	182.094	182.094
Verðbréf .....	0	0	0	0	0	0
Handbætt fé .....	144.311	21.050	114.573	125.296	205.843	222.337
<b>Veltufjármunir</b>	<b>482.032</b>	<b>358.771</b>	<b>452.293</b>	<b>463.016</b>	<b>543.564</b>	<b>560.057</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.620.288</b>	<b>4.136.063</b>	<b>4.747.707</b>	<b>4.809.456</b>	<b>4.873.891</b>	<b>4.959.318</b>
<b>Samantekið - A og B hluti</b>						
	Rauntölur 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
<b>Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfjárreikningar:</b>						
Eigið fé .....	2.375.232	2.359.309	2.412.260	2.509.832	2.635.293	2.788.516
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	0	0	0	0
	2.375.232	2.359.309	2.412.260	2.509.832	2.635.293	2.788.516
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar .....	196.158	207.486	219.745	229.751	239.801	249.854
Tekjuskattskuldbinding .....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar .....	0	0	0	0	0	0
	196.158	207.486	219.745	229.751	239.801	249.854
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir .....	727.103	1.228.658	1.754.484	1.700.098	1.625.518	1.544.064
Leiguskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki .....	0	0	( 0 )	( 0 )	0	( 0 )
	727.103	1.228.658	1.754.484	1.700.098	1.625.518	1.544.064
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir .....	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárbörf .....	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	0	( 0 )	0	( 0 )	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	72.750	92.691	113.005	121.368	124.723	128.181
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga .....	6.384	5.256	5.550	5.745	5.894	6.041
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki .....	0	( 0 )	0	0	( 0 )	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	242.662	242.662	242.662	242.662	242.662	242.662
	321.796	340.609	361.218	369.775	373.279	376.884
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>1.245.057</b>	<b>1.776.753</b>	<b>2.335.447</b>	<b>2.299.624</b>	<b>2.238.599</b>	<b>2.170.802</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>3.620.288</b>	<b>4.136.063</b>	<b>4.747.707</b>	<b>4.809.456</b>	<b>4.873.891</b>	<b>4.959.318</b>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2021	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
<b>Sjóðstreymisyfirlit</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
<b>Niðurstaða ársins</b>	59.784	( 15.922 )	52.951	97.572	125.460	153.223
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	104.543	135.140	158.553	163.649	170.287	175.242
Verðbætur og gengismunur	38.363	99.736	89.396	65.362	47.358	43.756
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	( 21.700 )	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	0	0	0	0	0	0
Framlög frá eign sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	47.621	15.000	17.353	15.000	15.000	15.000
Breyting á öðrum skuldbindingum	139	0	0	0	0	0
Aðrir liðir	0	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>228.751</b>	<b>233.954</b>	<b>318.252</b>	<b>341.583</b>	<b>358.106</b>	<b>387.221</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Biðbír, breyting	( 8 )	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting	( 10.237 )	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur, breyting	( 60.334 )	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	31.500	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	( 6.209 )	( 4.800 )	( 4.800 )	( 4.800 )	( 4.800 )	( 4.800 )
Greiðslur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0	0
	( 39.463 )	1.025	1.025	1.025	1.025	1.025
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>189.288</b>	<b>234.979</b>	<b>319.277</b>	<b>342.608</b>	<b>359.131</b>	<b>388.246</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	( 147.834 )	( 780.000 )	( 682.500 )	( 220.500 )	( 180.000 )	( 250.000 )
Söluverð rekstrarfjármuna	38.430	0	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eign fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
	( 109.404 )	( 780.000 )	( 682.500 )	( 220.500 )	( 180.000 )	( 250.000 )
<b>Fjármögnunarahreyfingar:</b>						
Framlög frá eign fyrirtækjum og arður	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutfé	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eign fyrirtækja, breyting	0	0	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán	0	500.000	550.000	0	0	0
Afborganir langtímalána	( 96.242 )	( 78.239 )	( 93.255 )	( 111.385 )	( 118.583 )	( 121.752 )
Afborganir leiguskuldá	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eign fyrirtæki, breyting	( 0 )	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting	0	0	0	0	0	0
	( 96.242 )	421.761	456.745	( 111.385 )	( 118.583 )	( 121.752 )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>( 16.358 )</b>	<b>( 123.261 )</b>	<b>93.522</b>	<b>10.723</b>	<b>80.548</b>	<b>16.493</b>
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	160.669	144.311	21.050	114.572	125.296	205.843
<b>Handbært fé (fjárbörf) í árslok</b>	<b>144.311</b>	<b>21.050</b>	<b>114.572</b>	<b>125.296</b>	<b>205.843</b>	<b>222.337</b>

## FJÁRFESTINGAYFIRLIT

Fjárfestingaryfirlit						
Fjárfesting	Ár					
Hluti	Árið 2022	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2025	Árið 2026	Samtals
<b>A hluti</b>						
Eignasjóður	760.000	665.500	197.500	135.000	240.000	1.998.000
Leikskóli	700.000	500.000	0	0	0	1.200.000
Félagsheimili	0	10.000	0	0	0	10.000
Íþróttamannvirki	0	0	0	0	0	0
10 - Umferðar- og samgöngumál - Göngu og hjóreiðabrautir	50.000	70.000	151.000	0	165.000	436.000
Ferðamannastaðir - aðgengi	0	0	2.000	0	0	2.000
Hvolskóli	0	50.000	0	0	0	50.000
Tjaldstæði Skógum	0	0	0	0	0	0
Hvolskóli götfein	0	0	0	30.000	0	30.000
10 - Umferðar- og samgöngumál - Sundlaug útsvæði	0	0	0	65.000	0	65.000
Austurvegur 4 kjallari	10.000	0	0	0	0	10.000
Útiklefar götfeini	0	0	4.500	0	0	4.500
10 - Umferðar- og samgöngumál -	0	0	40.000	0	0	40.000
10 - Umferðar- og samgöngumál -	0	0	0	40.000	0	40.000
Hvolskóli nýbygging	0	0	0	0	0	0
Hvolskóli	0	0	0	0	40.000	40.000
Íþróttamannvirki, æfingavöllur	0	7.500	0	0	0	7.500
06 - /Eskulýðs- og íþróttamál - Féla	0	0	0	0	0	0
05 - Menningarmál - Félagsheimili	0	0	0	0	0	0
<b>Þjónustustöð</b>	<b>10.000</b>	<b>0</b>	<b>18.000</b>	<b>10.000</b>	<b>10.000</b>	<b>48.000</b>
Tækjakaup	10.000	0	18.000	0	0	28.000
Þjónustustöð - Geymsla áhaldahús	0	0	0	0	0	0
Þjónustustöð - Geymsla áhaldahús	0	0	0	10.000	0	10.000
Áhaldahús geymsla	0	0	0	0	10.000	10.000
<b>A hluti samtals</b>	<b>770.000</b>	<b>665.500</b>	<b>215.500</b>	<b>145.000</b>	<b>250.000</b>	<b>2.046.000</b>
<b>B hluti</b>						
Fráveita	4.000	2.000	0	0	0	6.000
Framkvæmdir	4.000	2.000	0	0	0	6.000
<b>Vatnsveita</b>	<b>6.000</b>	<b>15.000</b>	<b>5.000</b>	<b>15.000</b>	<b>0</b>	<b>41.000</b>
Vatnsveita	6.000	15.000	0	0	0	21.000
Vatnsveita mælav. Og krappi	0	0	5.000	0	0	5.000
Mælavæðin	0	0	0	15.000	0	15.000
<b>B hluti samtals</b>	<b>10.000</b>	<b>17.000</b>	<b>5.000</b>	<b>15.000</b>	<b>0</b>	<b>47.000</b>
<b>Samantekið - A og B hluti</b>	<b>780.000</b>	<b>682.500</b>	<b>220.500</b>	<b>160.000</b>	<b>250.000</b>	<b>2.093.000</b>

## LOKAORÐ

Almennt mun aðhalds gæta í rekstri sveitarfélagsins. Enn er töluverð óvissa um efnahag landsins og langtímaáhrifum heimsfaraldursins. Þær miklu fjárfestingar sem liggja fyrir í áætluninni vegna byggingu nýs leikskóla hafa einnig mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins og því mikilvægt að gæta aðhalds og eftirfylgni með fjárhagsáætlun.